

1 Velferðarnefnd

2 Almennar áskoranir og markmið

3 **Velferðarmál eru einn umfangsmesti útgjaldaflokkur sveitarfélaga og ríkissjóðs**
4 **en jafnframt einn sá mikilvægasti fyrir lífsgæði almennings í landinu.** Áskoranir og
5 tækifæri eru fjölmörg á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu og mikilvægt að bæta
6 þjónustu við fólk almennt samhliða aukinni skilvirkni og hagkvæmni í rekstri.

7 **Bæta þarf heilbrigðisþjónustu** bæði í almennri grunnstarfsemi, svo sem umönnun, og
8 hjá sérhæfðara heilbrigðisstarfsfólki, ekki síst margvíslega bættu þjónustu við íbúa á
9 landinu öllu. Veruleg tækifæri eru til úrbóta í samstarfi og samþættingu milli ríkis og
10 sveitarfélaga svo og milli einstaka þjónustueininga ríkisrekstrar og sjálfstætt starfandi
11 fyrirtækja og heilbrigðisstarfsmanna. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að við
12 skipulag heilbrigðisþjónustu sé réttur einstaklinga til þjónustu tryggður. Einnig þarf að
13 tryggja fjárhagslegt sjálfstæði eldra fólks og annarra sem dvelja á hjúkrunarheimilum
14 eða öðrum slíkum stofnunum. Efla og samþætta þarf heimahjúkrun og heimaþjónustu, í
15 aukinni samvinnu við aðila í heilbrigðisþjónustu til að draga úr vaxandi þörf á
16 hjúkrunarrýmum með hækkandi aldri þjóðar. Auka þarf fjölbreytni í menntun og fjölga
17 nemendum í heilbrigðisgreinum og fylgja eftir möguleikum á t.d. nýjum námslínnum fyrir
18 heilbrigðisstarfsfólk alls staðar á landinu. Mikilvægt er að þeir heilbrigðisstarfsmenn
19 sem útskrifast séu undir það búnir að starfa við ólíkar aðstæður jafnt í þéttbýli og
20 dreifbýli. Sækja þarf heilbrigðismenntað fólk aftur heim úr námi með eftirsóknaverðara
21 starfsumhverfi.

22 **Leggja þarf aukna áherslu á nýsköpun í allri heilbrigðisþjónustu og styðja við**
23 **fjölbreyttara rekstrarform** sem getur létt verulega undir með opinberum
24 heilbrigðisstofnunum, stytta biðlista og aukið hagkvæmni í rekstri.

25 Meginverkefni og áhersluatriði á sviði velferðarmála

26 Efla þarf forvarnir og heilsueflingu í félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, skólum og
27 skipulögðu frístundastarfi fyrir alla aldurshópa.

28 **Sjúkrahúsjónusta landsmanna**

29 Landspítala Háskólasjúkrahúsi (LSH) ber sem þjóðarsjúkrahúsi að sinna sínu
30 skilgreinda hlutverki á sviði lækninga, rannsókna og háskólakennslu. LSH hafi í forgangi
31 stærri og flóknari aðgerðir og meðferðir. Til að LSH geti gegnt þessu forystuhlutverki
32 þarf að gera stofnuninni kleift að útvista annarri almennri sjúkrahúsjónustu m.a. með
33 því að efla samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir, sérfræðilækna og fyrirtæki um allt
34 land. Leysa þarf fráflæðisvanda með því að efla þjónustu sem tekur við, m.a. fjölga
35 rýmum á sjúkrahótelum, hjúkrunarrýmum og fjölþætta heimaþjónustu. Samhliða
36 uppbyggingu LSH við Hringbraut þarf að huga að framtíðaraðstöðu fyrir aðra
37 sjúkrahúsjónustu á höfuðborgarsvæðinu enda þarf að fjölga legurýmum. Hugað verði
38 að nýtingu Landspítala í Fossvogi í því sambandi og því brýnt að ekki verði þrengt frekar
39 að honum. Farið verði í greiningu á framtíðarþörf fyrir slíka sjúkrahúsjónustu og
40 byggingu í samstarfi við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og sjálfstætt starfandi
41 heilbrigðisstofnanir og fyrirtæki. Æskilegt er að slíkt sjúkrahús verði rekið af
42 einkaaðilum með þjónustutengdri fjármögnun frá hinu opinbera. Skilgreina þarf
43 verkefni Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) sem varasjúkrahús landsins með tilliti til
44 þjóðaröryggis og sjúkraflutninga. Landsfundur fagnar uppbyggingu nýs Landspítala við
45 Hringbraut, stærstu einstöku framkvæmd Íslandssögunnar. Tryggja þarf aðgengi að
46 heilbrigðisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Aðkoma að heilbrigðisstofnunum skal
47 vera greið og hindrunarlaus þvert á fararmáta. Sérstaklega þarf að bæta flæði umferðar
48 og aðkomu að LSH við Hringbraut.

49 **Fjölbreytt rekstrarform**

50 Það er stefna Sjálfstæðisflokksins að í landinu sé öflugur hópur sjálfstætt starfandi
51 sérfræðilækna, annars heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisfyrirtækja. Mikilvægt er að
52 samningar við heilbrigðisstéttir séu í gildi. Nýta þarf betur möguleika á fjölbreyttum
53 rekstrarformum innan heilbrigðisþjónustunnar með áherslu á skýrar gæðakröfur og
54 skilvirkni samhliða jafnræði í greiðslum óháð rekstrarformi. Ljúkaþarf innleiðingu DRG
55 kerfis, sem nota mætti í ýmis konar greiningar og veita þannig aðhald í rekstri á
56 sjúkrahússtarfsemi. Halda skal áfram að bjóða út starfsemi heilsugæslunnar og annarrar
57 heilbrigðisþjónustu til að auka hagkvæmni og skilvirkni. Heilsugæslan þarf að vera
58 hryggjarstykkið í heilbrigðisþjónustu. Efla þarf heilsugæslu m.a. með þverfaglegri

59 samvinnu heilbrigðisstétta og bæta þjónustu og þjónustutíma. Fjölga þarf heilsugæslum
60 og tryggja aðgengi allra landsmanna að heilbrigðisþjónustu.

61 Úrbóta er þörf á ýmsum sviðum Sjúkratrygginga Íslands svo sem varðandi
62 samningagerð og valfrelsi notenda við kaup á þjónustu og hjálpartækjum, framfylgni
63 gæðastaðla, eftirlits og stafrænnar þjónustu. Gæta skal að samræmingu og sanngirni
64 varðandi gjaldskrár og eðlilegum hækkunum og tryggja að gjaldskrá þróist samhliða
65 tæknilausnum.

66 **Þjónusta óháð búsetu**

67 Stórbæta þarf þjónustu við íbúa óháð staðsetningu með bættu aðgengi að
68 grunnheilbrigðisþjónustu, endurhæfingu, þjónustu sérfræðilækna og
69 fjarheilbrigðisþjónustu. Auk þess þarf að bæta tækjabúnað heilsugæslu og sjúkrahúsa til
70 bráðþjónustu um land allt, svo sem með bráðagreiningartækjum, og bæta stafræna
71 þjónustu. Ríkið tryggi rekstrargrundvöll heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni á sama
72 tíma og bæta þarf tengingu og samstarf milli LSH og annarra heilbrigðisstofnana. Jafna
73 þarf aðstöðu einstaklinga sem búa á landsbyggðinni með kostnaðarþátttöku í ferða- og
74 dvalarkostnaði þegar slíkt er nauðsynlegt, á einstaklingsmiðaðan hátt. Tryggja þarf
75 notkun á fjarheilbrigðisþjónustu og komu sérfræðinga á stofnanir um allt land svo draga
76 megi úr þörf á ferðalögum fólks. Mikilvægt er að fæðingarþjónusta sé til staðar sem næst
77 heimabyggð vegna öryggis móður og barns. Efla þarf utanspítalaþjónustu um allt land.
78 Efla þarf sjúkraflug og fjármagna þarf áður samþykkt tilraunaverkefni um rekstur
79 sérhæfðra sjúkraþyrlna og staðsetja þær víðar um landið. Tryggja skal að farið sé eftir
80 skilgreindum viðbragðs- og heildarflutningstíma sjúklinga fyrir landið og miðin.
81 Reykjavíkurlflugvöllur gegnir lykilhlutverki í tengslum við sjúkraflug í landinu. Tryggja
82 verður rekstraröryggi flugvallarins og ekki má skerða nýtingarhlutfall hans með
83 nokkrum hætti. Meirihluti þeirra sem fluttir eru með sjúkraflugi til Reykjavíkur þurfa á
84 sérhæfðri bráðþjónustu að halda. Auk þess þarf að tryggja rekstraröryggi annarra
85 sjúkraflugvalla á landsbyggðinni.

86 Málafni barna og fjölskyldna

87 Bæta þarf umgjörð utan um barnafjölskyldur. Gera þarf foreldrum betur kleift að
88 samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Halda verður áfram að byggja upp
89 fæðingarorlofskerfið svo það raunverulega styðji við barneignir og taki mið af ólíkum

90 aðstæðum fólks þannig að það reynist ekki þröskuldur að stofna fjölskyldu. Auka þarf
91 stuðning við einstæða foreldra, fjölburafjölskyldur og námsmenn í fæðingarorlofi og
92 fella niður kvaðir um skiptingu fæðingarorlofs á milli foreldra. Skoða verður leiðir til
93 þess að hækka hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi, án þess að þær skerði aðra
94 tekjumöguleika foreldra, svo foreldrar fullnýti fæðingarorlof sitt. Þá þarf að tryggja
95 vistun barna þegar fæðingarorlofi sleppir.

96 . Tryggja þarf að stuðningur beinist að báðum heimilum þegar um er að ræða skipta
97 búsetu barna. Skoða mætti möguleika þess að breyta núverandi barnabótakerfi og taka
98 upp skattafrádrátt til hagsbóta fyrir barnafjölskyldur. Mikilvægt er að tryggja
99 heilðrænan stuðning við börn og fjölskyldur þar sem lögð er áhersla á verndandi þætti
100 sem draga úr erfiðleikum barna og afleiðingum þeirra og vinna gegn fátækt. Bregðast
101 þarf við vaxandi ofbeldishegðun barna. Bæta þarf úrræði fyrir börn með fjölþættan
102 vanda og tryggja fjármögnun þessa málaflokks til sveitarfélaganna. Auka þarf skilvirkni í
103 heildarþjónustu við fötluð börn og foreldra þeirra. Stytta þarf biðlista svo fari saman
104 farsæld barna og samþætting í þjónustu. Endurskoða þarf fjárhæð og framkvæmd
105 umönnunarbóta til foreldra vegna langveikra og fatlaðra barna, þar sem annað foreldri
106 dettur oft útaf vinnumarkaði til lengri eða skemmri tíma.

107

108 **Málefni eldra fólks**

109 Auka þarf skilvirkni í heildarþjónustu við eldri borgara. Samþætta þarf heimahjúkrun,
110 félags- og tómstundþjónustu og heilsutengdar forvarnir. Tryggja þarf opinbera
111 fjármögnun við þjónustuna.

112 Heilbrigðiskerfið þarf að mæta eldra fólki fyrir á lífsleiðinni og miða þjónustu og úrræði
113 við þarfir hvers og eins. Boðið verði upp á úrræði við hæfi svo að eldra fólki verði gert
114 kleift að búa sem lengst í eigin húsnæði. Fjölga þarf þjónustuíbúðum og auka
115 fjölbreytileika varðandi búsetuform en einnig tryggja aðgengi að hjúkrunarheimilum
116 þegar sjálfstæð búseta er ekki lengur möguleg. Breyta þarf núverandi fyrirkomulagi á
117 greiðslum til hjúkrunarheimila og að fjárhagslegt sjálfstæði íbúa heimilanna verði tryggt
118 með auknum ráðstöfunartekjum þeirra. Markvisst þarf að fjölga lífsgæðakjörnum í
119 sveitarfélögum landsins sem samanstanda af hjúkrunarheimili, leiguíbúðum og
120 þjónustumiðstöð. Með virku samstarfi þeirra sem þar búa, starfa og þangað sækja

121 verður til kjarni með fjölbreyttri þjónustu, sem stuðlar að auknu öryggi, meiri vellíðan
122 og bættum lífsgæðum eldra fólks. Landsfundur fagnar breyttu
123 fjármögnunarfyrirkomulagi í uppbyggingu hjúkrunarheimila. Tryggja þarf betur
124 sjálfsákvörðunarrétt eldra fólks, fjárhagslegt sjálfstæði og að það hafi meira um líf sitt að
125 segja á efri árum. Endurskoða þarf lífeyrissjóða- og almannatryggingakerfi m.t.t.
126 hagsmuna eldra fólks. Sérstök lífeyrisuppbót og viðbótargreiðsla verði tekin upp til
127 þeirra sem hafa áunnið sér takmörkuð lífeyrisréttindi.. Starfslok verði sveigjanleg óháð
128 vinnuveitanda og fólki gert kleift að starfa í fullu starfi eða hlutastarfi miðað við áhuga
129 og færni en ekki eingöngu miðað við aldur og tímasett starfslok. Skerðing vegna
130 greiðslna frá Tryggingastofnun til eldri borgara er í dag 45%. Draga þarf verulega úr
131 skerðingu ellilífeyris vegna lífeyristekna og annarra tekna, hvaðan sem þær koma.
132 Frítekjumark tekna hækki.

133 **Málefni fólks með skerta starfsorku**

134 Sjálfstæðisflokkurinn vill að endurskoðun tryggingakerfis öryrkja verði áfram haldið,
135 sem horfir til þess að öryrkjar hafi enn meiri ávinning af því að afla sér tekna en nú er.
136 Þeim verði auðvelduð þátttaka á almennum vinnumarkaði með tilliti til starfsgetu án
137 þess að þeir verði fyrir skerðingu á örorkulífeyri. Auðvelda þarf endurkomu þeirra á
138 vinnumarkað sem geta án fjárhagslegrar áhættu. Öryrkjar haldi réttindum sínum við 67
139 ára aldurskilin. Ríki og sveitarfélög leiði vinnuna í samstarfi við viðeigandi
140 hagsmunasamtök og aðila vinnumarkaðarins. Sjálfstæðisflokkurinn vill endurskoða
141 verklag í málum þeirra sem sækja um örorkumat eftir að endurhæfing er fullreynd til að
142 tryggja grunnframfærslu og að þeir falli ekki á milli framfærslukerfa. Fara skal í
143 stefnumótun um heildræna þjónustu við fólk með heilabilunarsjúkdóma og
144 aðstandendur þeirra.

145 **Málefni fatlaðs fólks**

146 Við lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þarf að liggja
147 fyrir fullmótuð þjónusta og fjármögnun tryggð. Tryggja þarf að ekki verði þjónusturof
148 þegar einstaklingur með fötlun verður 18 ára. Ótækt er að þjónusta sem kallar á
149 auðkenni með rafrænum skilríkjum sé ekki í boði fyrir alla. Fólk með skerta getu til þess
150 að nýta rafræn skilríki, nær þar með ekki að nýta þá þjónustu sem háð er rafrænum

151 skilríkjum. Endurskoða þarf frá grunni fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk með
152 langvarandi stuðningsþarfir. Finna þarf leiðir til þess að sveitarfélög/þjónustusvæði geti
153 sinnt þjónustu sinni eins og lög kveða á um og vinna að samþættingu þjónustukerfa.
154 Auka ber sjálfstæði fatlaðra einstaklinga og þeirra sem búa við mikla skerðingu þannig
155 að þeir hafi val um að stýra sinni þjónustu sjálfir m.a. með notendastýrðri persónulegri
156 aðstoð (NPA) og tryggja fjármögnun. Fjölga þarf búsetuúrræðum og tryggja fjölbreytni.

157 **Endurhæfing**

158 Leggja ber áherslu á endurhæfingu og fjölgun endurhæfingarúrræða fyrir þau sem eru
159 með skerta starfsorku vegna sjúkdóma eða slysa. Allir sem verða fyrir skerðingu á
160 starfsgetu fá tækifæri til starfsendurhæfingar þegar læknisfræðilegri meðferð og
161 endurhæfingu er lokið. Mikilvægt er að hlutastörf séu einnig í boði. Leitast þarf við að
162 bjóða upp á fjölbreytt úrræði í heimabyggð en um leið þarf að þróa úrræði þvert á
163 sveitarfélög til að gæta jafnræðis í þjónustu og stuðla að hagkvæmni. Tryggja þarf að þau
164 sem ekki fá endurhæfingu á opinberri stofnun geti sótt þá þjónustu á almennum
165 markaði með greiðsluframlagi frá ríkinu þegar slíkt á við.

166 **Geðheilbrigðismál**

167 Leggja ber meiri áherslu á forvarnir og lýðheilsusjónarmið í geðheilbrigðismálum,
168 snemmtæka íhlutun og fyrsta stigs þjónustu heilsugæslunnar á þessu sviði. Huga þarf
169 sérstaklega að málefnum barna og ungmenna og tryggja að þau hafi greiðan aðgang að
170 félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum og sálfræðingum í grunnskólum sem og
171 framhaldsskólum. Fjölga þarf úrræðum í geðheilbrigðismálum og auka fjármagn til
172 þessa málaflokks svo sem með niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu. Bráðadeild geðþjónustu
173 þarf að vera opin allan sólarhringinn. Fjölga þarf úrræðum og tryggja fjölbreytta
174 meðferð,þjónustu og endurhæfingu fólks með fíknivanda. Leita þarf lausna til þess að
175 draga úr ofbeldishegðun auk þess að sporna við sívaxandi ofbeldismenningu með
176 fræðslu og sameiginlegu átaki samfélagsins alls.

177 **Húsnæðismál**

178 Að hafa þak yfir höfuðið er ein af grunnþörfum fólks. Sjálfstæðisflokkurinn leggur
179 áherslu á séreignarstefnu í húsnæðismálum um leið og stuðla þarf að fjölbreyttum og
180 hagkvæmum úrræðum á leigumarkaði fyrir alla. Endurskoða skal fyrirkomulag við

181 tilhögun húsnæðisstuðnings svo eigna- og tekjuminni, aldraðir og öryrkjar eigi þess kost
182 að nýta húsnæðisstuðning hins opinbera til að greiða af fasteignaláni í stað þess að
183 niðurgreiða leigu. Miklu máli skiptir að aðgerðir hins opinbera á sviði húsnæðismála
184 stuðli að nægu framboði húsnæðis svo sem með framboði byggingalóða sem mæta
185 eftirspurn. Draga þarf úr framsalsmöguleikum nýrra byggingarlóða eftir úthlutun.
186 Auðvelda þarf ungu fólki að eignast eigið íbúðarhúsnæði eins og Sjálfstæðisflokkurinn
187 kom á með skattfrjálsri ráðstöfun séreignasparnaðar. Sjálfstæðisflokkurinn vill lögfesta
188 heimild til ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á íbúðarlán. Aldraðir og öryrkjar eiga að
189 geta selt íbúðareign sína án þess að andvirði skerði greiðslur frá Tryggingastofnun.
190 Afnema skal stimpilgjald vegna íbúðakaupa einstaklinga. Hraðari húsnæðisuppbygging
191 er forsenda fyrir aukinni velferð samfélagsins, til þess þarf að einfalda regluverk og
192 minnka kvaðir með skilvirkari málsmeðferð og skjótari leyfisveitingum. . Taka þarf upp
193 sértæka styrki til breytinga á einstaka húsnæði vegna aðgengismála. Einföldun á
194 regluverki, aukið framboð lóða og hraðari afgreiðsla mun stuðla að virkum leigumarkaði
195 eins og þekkist víða í nágrennalöndum. Þannig verður til valkostur og valfrelsi enda vill
196 Sjálfstæðisflokkurinn tryggja frelsi einstaklingsins til að ákveða ráðstöfun sinna
197 fjármuna.

198 **Nýsköpun og nýjungar í velferðar- og heilbrigðisþjónustu**

199 Bæta þarf stafræna umgjörð heilbrigðiskerfisins meðal annars með því að sameina í
200 einfaldari og notendavænni heilbrigðisgagnagrunn til að tryggja öryggi og gæði
201 þjónustunnar. Styðja þarf vel við fjárfestingar vegna nýsköpunar í velferðarþjónustu og
202 nýtingu heilbrigðistækni, stafrænna lausna og nýta gervigreind þar sem við á. Slíkt
203 eykur hagkvæmni og bætir þjónustu í heilbrigðiskerfinu. Opinberir aðilar þurfa að
204 fjárfesta á þessu sviði ekki síður en í húsnæði og til almennra tækjakaupa. Liðka þarf
205 fyrir framþróun í heilbrigðisþjónustu og fjölbreyttum þjónustulausnum. Auka þarf hvata
206 heilbrigðisstofnana til að innleiða og viðhalda nýjungum og tæknilausnum í daglegu
207 starfi.

208 Með samstarfi heilbrigðisstofnana og hugvitsdrifinna fyrirtækja á sviði heilbrigðis- og
209 líftækni má byggja upp nýja atvinnustarfsemi þar sem hugvit, nýsköpun og vel menntað
210 starfsfólk eykur hagvöxt og útflutningstekjur og stuðlar samhliða því að aukinni
211 hagkvæmni og skilvirkni heilbrigðiskerfisins hér á landi.